



Ljósleiðari Árneshrepps.
Kt. 601221-1790.
Gjaldskrá og reglur.

1. gr.

Sveitarfélagið Árneshreppur á og rekur ljósleiðarakerfi innan sveitarfélagsins. Sveitarfélaginu er heimilt að selja aðgang að ljósleiðarakerfinu samkvæmt gjaldskrá og reglum þessum. Ljósleiðarakerfið er að hluta fjármagnað af Fjarskiptasjóði undir verkefninu „Ísland ljóstengt“, og teljast tengdir staðir ýmist styrkhæfir eða óstyrkhæfir, samkvæmt reglum sjóðsins.

2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu geta óskað eftir að tengjast ljósleiðarakerfinu. Eigendur sumarhúsa og lögaðila (fyrirtæki og rekstraraðilar) á þjónustuvæðinu ljósleiðarakerfisins geta einnig óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Umsóknir um tengingar skulu berast í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.arneshreppur.is, ef ekki hefur þegar verið gengið frá samkomulagi um tengingu.

Lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg skulu vera í eigu sveitarfélagsins en lagnir innanhúss vera á ábyrgð húseiganda. Samráð skal vera við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugustu lagnaleiðir.

Mánaðarlegt gjald (línugjald) er innheimt fyrir notkun á ljósleiðarakerfinu.

Fjarskiptafélögum er veittur aðgangur að ljósleiðarakerfinu að undangengnum samningum um m.a. gjaldtöku og þjónustu sbr. 5. gr. og 6. gr.

3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum sveitarfélagsins mega annast útsetningu á ljósleiðarastrengjum, lagningu, tengingar eða breytingar á ljósleiðarakerfinu.

Sveitarfélagið lætur tengja notendur við ljósleiðarakerfið, enda hafi viðkomandi aðilar uppfyllt og samþykkt þau skilyrði sem um tengingar gilda, þ.m.t. greiðslu stofngjalds fyrir tengingu. Sama gildir um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem veita notendum þjónustu um ljósleiðarakerfið.

4. gr.

Tjón sem verður á ljósleiðarastrengjum eða tengdum búnaði skal að fullu bætt af þeim sem tjóninu veldur.

5. gr.

Gjöld notenda fyrir að tengjast ljósleiðarakerfinu og nota það, án virðisaukaskatts, eru sem hér segir.

6.8.

	Gjald	Fjárhæð (kr)	Skýring
5.1.	Stofngjald, styrkhæfir staðir	200.000,-	Heimtaug tengd inntakskassa hjá notanda óháð vegalengd heimtaugar
5.2.	Stofngjald, óstyrkhæfir staðir ef tenging er pöntuð fyrir árslok 2023	200.000,-	Að auki kostar notandi þann hluta heimtaugar sem er fram yfir 100 m
5.3.	Stofngjald, óstyrkhæfir staðir ef tenging er pöntuð eftir árslok 2023	300.000,-	Að auki kostar notandi þann hluta heimtaugar sem er fram yfir 100 m
5.4.	Mánaðargjald (línugjald)	2.900,-	Gjald fyrir afnot af ljósleiðarakerfinu

Tafla 1

6. gr.

Leiga á ljósleiðaraþráðum innan ljósleiðarakerfisins. Lögaðilum (fjarskiptafyrirtækjum) stendur til boða að leigja ljósleiðaraþráði innan kerfisins til annarra nota en hefðbundinna heimilis- og fyrirtækjanota.

Tveir gjaldskrárflokkar eru í boði, fjárhæðir í töflum 1 og 2 eru án virðisaukaskatts:

6.1 Lögaðili (fjarskiptafyrirtæki) notar ljósleiðara eingöngu fyrir eigin búnað, en selur ekki þriðja aðila aðgang að viðkomandi sambandi eða tengingu.

Fjöldi þráða	Stofngjald (kr)	Leigugjald kr/mán.	Skýringar
1	200.000,-	15.000,-	Óháð vegalengd innan kerfis
2	200.000,-	22.500,-	Óháð vegalengd innan kerfis

Tafla 2

þurfi að gera breytingar á ljósleiðarastrengjum eða búnaði, þá bætist við vinnu-, efnis- og tækjakostnaður í samræmi við umfang breytinganna.

6.2 Lögaðili (fjarskiptafyrirtæki) getur sett upp bylgjubúnað eða annan búnað sem gerir mögulegt að selja þjónustu til þriðja aðila um viðkomandi samband. Ekki er innheimt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

Fjöldi leigðra ljósleiðaraþráða	Leigugjald kr/mán.	Skýringar
1	6.220,-	Vegalengd miðast við loftlínu milli staða
2	7.770,-	Vegalengd miðast við loftlínu milli staða
3	9.320,-	Vegalengd miðast við loftlínu milli staða
4	10.810,-	Vegalengd miðast við loftlínu milli staða

Tafla 3

þurfi að gera breytingar á ljósleiðarastrengjum eða búnaði, þá bætist við vinnu-, efnis- og tækjakostnaður í samræmi við umfang breytinganna.

7. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Árneshrepps.

8. gr.

Sveitarfélagið hefur rétt til að loka fyrir aðgang notenda sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun skal viðkomandi notandi greiða.

9. gr.

Eftirlitsmaður Árneshrepps skal ávallt hafa aðgang að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðarakerfið. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum gegn misnotkun á notkun ljósleiðarakerfisins.

10. gr.

Stofngjald (tengigjald) verður innheimt eftir að ljósleiðari hefur verið lagður á tengistað og tengdur í inntakskassa.

Gjaldskráin tekur verðlagsbreytingum m.v. 1. janúar ár hvert samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Árneshrepps.

Gjaldskrá og reglur þessar voru samþykktar á fundi hreppsnefndar Árneshrepps föstudaginn 14. október 2022.

Árneshreppi, 20. október 2022.


Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti
Oddviti Árneshrepps